

C 5/2018/kk

Afgreiðsla Eftirlitsnefndin

Nefndarálit eftirlitsnefndarinnar um

skýrslu Ríkisendurskoðunar til Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um endurskoðun á starfsemi Norræna menningarsjóðsins á árinu árið 2017

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð ákveði

- Að skrá hjá sér ársreikninginn og endurskoðunarskýrsluna um Norræna menningarsjóðinn 2017.

Forsaga

Í samræmi við samþykktir Norðurlandaráðs skilar Ríkisendurskoðandi Danmerkur í samstarfi við fulltrúa á danska þjóðþinginu endurskoðunarskýrslu fyrir reikningsárið 2017 vegna Norræna menningarsjóðsins (NKF).

Ársreikningur fyrir 2017 sýnir afgang sem nemur 0,2 milljónum danskra króna (m.d.kr.) en hann nam 0,3 m.d.kr. árið á undan. Mismunurinn er vegna aukins fjölda samþykkttra umsókna ásamt auknum útgjöldum vegna reksturs skrifstofunnar.

Heildartekjur hafa hækkað vegna meðfjármögnunar frá öðrum fjármögnunaraðilum til Puls-verkefnisins, en hún nemur 1,6 m.d.kr., og hærri fjárveitingu frá Norrænu ráðherranefndinni sem nemur 0,6 m.d.kr.

Samtals voru veittir styrkir til 295 verkefna af 848 umsóknum miðað við 243 verkefni og 766 umsóknir árið 2016. Á árinu 2017 hefur sjóðurinn unnið með þrjú ólík styrkjastig: Sprotasjóð, almenna verkefnisstyrki og þematengd verkefni - á reikningsárinu 2017 var sjónum beint að þemaverkefnunum *Handmade* og *Puls*.

Upphæð endurgreiddra styrkja lækkaði um 0,8 m.d.kr. frá árinu 2016 sem Ríkisendurskoðun lítur á sem jákvæð merki um gæði styrkveitinganna.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun telur ársuppgjörið gefa réttmæta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu og ekki eru gerðar alvarlegar athugasemdir við reikningsskil Norræna menningarsjóðsins fyrir árið 2017. Ríkisendurskoðun telur jafnframt að ráðstafanir sem um er getið í ársreikningi séu í samræmi við lög og reglur, gerða samninga og viðteknar venjur.



Sjónarmið eftirlitsnefndar

Ríkisendurskoðun Danmerkur er ekki með neinar ábendingar né athugasemdir til NKF vegna ársins 2017, en telur á grundvelli ársreikninganna að verkefnisumsýsla sjóðsins sé almennt fullnægjandi. Eftirlitsnefndin er á sömu skoðun og staðfestir að ársreikningur Norræna menningarsjóðsins sé í samræmi við gildandi reglur og gefi réttmæta mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2017.

Nuuk, 13. september 2018

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)

Lennart Axelsson (S)

Maria Stockhaus (M)

Peter Östman (kd)

Paavo Arhinmäki (vänst)

Ruth Mari Grung (A)